Námsáætlun Seljaskóla veturinn 2026-2027

SELJASKÓLI

Heiti verkefnis eða námsgreinar:			
Árgangur:	**3.bekkur**	**Námsgrein**	**Stærðfræði**
Tímabil:	**2026-2027**	**Kennarar:**	**Helena, Stella og Örn**

Lykilhæfni:

- Sett sér markmið í námi og unnið eftir þeim
- Gert sér grein fyrir eigin hlutverki í samstarfi
- Lært af mistökum og nýtt sér óvæntar niðurstöður við lausn verkefna á skapandi hátt
- Tekið leiðsögn og uppbyggilegri gagnrýni á jákvæðan hátt
- Unnið eftir fyrirmælum og borið ábyrgð á eigin verkefnum og vinnubrögðum þegar við á

Hæfniviðmið:

Vinnulag stærðfræðinnar

- Samræður: Nemandi getur tekið þátt í samræðum um spurningar og svör sem eru einkennandi fyrir stærðfræði
- Verkfæri: Nemandi getur nýtt sér þau verkfæri og hjálpargögn sem þarf til að finna lausn á stærðfræðilegum viðfangsefnum
- Táknmál og hugtök: Nemandi getur notað rétt heiti yfir stærðfræðitákn (+ - = x:<>) og nýtt þau rétt við útreikninga
- Samvinna: Nemandi getur unnið einn og í samvinnu við aðra að lausn á stærðfræðilegum viðfangsefnum
- Fjármál: Nemandi getur notað grunnreikniaðgerðir til að finna lausnir á og takast á við verkefni daglegs lífs og fjármála og skilið verðgildi peninga

Tölur og reikningur

- Talna mengi: Nemandi getur raðað náttúrulegum tölum eftir stærð
- Sætiskerfi: Nemandi getur notað tugakerfisritháttt og sýnt skilning á sætiskerfi við ritun náttúrulegra talna
- Grunnreikniaðgerðir: Nemandi getur nýtt sér grunnreikniaðgerðirnar plús, mínus og margföldun og reiknað með náttúrulegum tölum
- Þróun aðferða: Nemandi getur þróað hentugar aðferðir sem byggja á eigin skilningi við reikning með náttúrulegum tölum
- Þrautalausn: Nemandi getur nýtt sér grunnreikniaðgerðirnar plús, mínus og margföldun til að leysa þrautir og rökstutt svör sín
- Námundun: Nemandi getur nýtt sér námundun við einfalda útreikninga með náttúrulegum tölum
- Daglegt líf: Nemandi getur gefið dæmi um og sýnt hvernig einföld brot og hlutföll eru notuð í daglegu lífi

Algebra

- Mynstur: Nemandi getur kannað, búið til og tjáð sig um reglur í talnarunum og myndrænum mynstrum og spáð fyrir um framhald mynsturs
- Föll: Nemandi getur notað táknmál stærðfræðinnar til að meta sanngildi og lýsa sambandi milli stærða
- Óþekktar stærðir: Nemandi getur reiknað með óþekktum stærðum í einföldum tilvikum´
- Jöfnur: Nemandi getur fundið lausnir á jöfnum með óformlegum aðferðum og rökstutt lausnir sínar

Tölfræði og líkindi

- Gagnavinnsla: Nemandi getur safnað gögnum í umhverfi sínu og um eigið áhugasvið
- Kannanir: Nemandi getur talið, flokkað og skráð, lesið og túlkað niðurstöður og sett upp einföld myndrit, með og án stafrænna hjálpartækja
- Myndrit: Nemandi getur lesið úr einföldum myndritum

Rúmfræði og mælingar

- Tungumál: Nemandi getur notað hugtök úr rúmfræði til að lýsa hlutum í umhverfi sínu
- Mynstur: Nemandi getur speglað og hliðrað flatarmyndum við rannsóknir á mynstrum
- Skýringarmyndir: Nemandi getur gert óformlegar rannsóknir á tví- og þrívíðum formum og getur teiknað þau upp
- Mælingar: Nemandi getur mælt þyngd, lengd, tíma og hitastig með stöðluðum og óstöðluðum mælitækjum
- Verkfæri: Nemandi getur rannsakað og gert tilraunir með rúmfræði á einfaldan hátt
- Hnitakerfi: Nemandi getur unnið með punkta og flatarmyndir í hnitakerfi og utan þess
- Tími og klukkan: Nemandi getur lesið og notað mismunandi framsetningu á tíma, notað skífu og stafræna klukku
- Tvívíð form: Nemandi getur áætlað og mælt ummál og flatarmál með stöðluðum og óstöðluðum mælitækjum

Lýsing og kennsluaðferðir:

- Einstaklingsverkefni og hópverkefni
- Innlögn og umræður í upphafi hvers tíma
- Bein kennsla
- Stöðvavinna
- Samvinnunám
- Lausnaleitarnám
- Lært í gegnum leik
- Umræður og spurningaaðferðir eftir það sem á við hverju sinni

Námsgögn: • Sproti 3a ,3b • Evolites stærðfræði-app • Stærðfræðiáhöld t.d. stærðfræðikubbar, spil, teningar og talnagrindur • Klukka • Vefsíður og önnur kennsluforrit í spjaldtölvu	**Námsmat/skil á verkefnum:** • Könnun í lok hvers kafla • Símat • Hópverkefni • Einstaklingsverkefni

Námsáætlun Seljaskóla veturinn 2026-2027

SELJASKÓLI